

# Ráðgjöf til bænda í nautakjötsframleiðslu

## Erindi flutt á ráðstefnu um nautakjöt 18.apríl 2002

*Runólfur Sigursveinsson*  
*Búnaðarsambandi Sðurlands*

### **Almennt**

Í upphafi er rétt að gera sér grein fyrir hverjir annast ráðgjöf til framleiðenda nautakjöts. Í fyrsta lagi eru það ráðgjafar búnaðarsambandanna og þá oftast með einstaklingsbundinni ráðgjöf til bænda en einnig með þátttöku og fræðslufundum og námskeiðum. Í öðru lagi er Rannsóknastofnun landbúnaðarins, þó svo starf hennar hafi verið fyrst og fremst á sviði rannsókna í þessari grein, þá hafa starfsmenn hennar verið ötulir að koma á framfæri rannsóknaniðurstöðum einkum hvað varðar samanburðartilraunir á einstökum kynjum sem fram fóru á Möðruvöllum á sínum tíma. Þá hefur Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri skipulagt námskeið á sviði nautakjötsframleiðslu og verið með athuganir á svokölluðu mjólkurkálfaeldi. Landssamband kúabænda hefur verið með upplýsingagjöf til framleiðenda um stöðuna á markaðnum og upplýsingar um verð til framleiðenda. Loks hafa einstaka sláturleyfishafar á stundum boðið upp á sérstaka samninga við bændur með kröfum um aðbúnað og gæði.

Ýmislegt er í boði en því miður er þetta oft aukageta einstakra starfsmanna sem sinna oft á tíðum öðrum störfum samhliða. Kemur þar til meðal annars að verulegur hluti framleiðslunnar fellur til sem aukageta til hliðar við mjólkurframleiðsluna og athyglivert að um helmingur nautgripakjöts á markaði kemur til vegna slátrunar á kúm.

Þá eru framleiðendur nautakjöts með mjög mismunandi form eldis, flestir með þetta eldi sem hliðargrein með mjólkurframleiðslu, fáir með sérhæft eldi og síðan mjög breytilegt hvaða stofna menn eru með í eldi og hvort menn stíla inn á uxaldi eða nautaeldi. Allt þetta þýðir að kröfur manna eru mismunandi um ráðgjöf í þessari framleiðslugrein.

Hins vegar eru nokkrir þættir sameiginlegir, sem leggja verður áherslu á, en það eru þættir eins og áhersla á góða fóðrun við eldið og þær kröfur sem miðað er við um aðbúnað og rými.

Á undanförunum árum og áratugum hafa verið þróaðar aðferðir til að meta sláturhæfni nautgripa. Meðal annars vann Guðmundur Steindórsson ráðunautur í Eyjafirði að athugun um þetta út frá íslenskum aðstæðum fyrir nokkrum árum.

### **(Ó)hagkvæmni framleiðslunnar og kostnaður við sérhæft eldi**

Af þeim kjötframleiðslugreinum sem stundaðar eru hér á landi þá er þessi grein tvímælalaust sem er með lengstan framleiðsluferil og því getur verið mjög erfitt að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum vegna langs eldistíma, ólíkt því sem á við t.d. í kjúklingaeldi.

Lítum nánar á framleiðslukostnað í sérhæfðu nautaeldi. Reiknum með 50 nautum í slátun á ári og 270 kíló meðalfallþunga og að meðalverð til bónda sé 330 kr/kg, sem er miðað við stöðuna í dag, hátt verð. Breytilegur kostnaður áætlaður um 35% af brúttótekjum (áburður, kjarnfóður, rekstrarvörur o.fl.). Hálfastur kostnaður sé 1 milljón króna ári (meðal annars tryggingar, rafmagn, hiti, viðhald húsa og ræktunar). Reiknað með að þetta bú skuldi alls um 10 milljónir króna, þar sem helmingurinn væri stofnlán og helmingur bankalán. Dæmið gæti þá litið út í raun miðað við ársframleiðslu:

Brúttótekjur (50*270*330)	4.455.000 kr.
Breytilegur kostnaður (35%)	1.559.000 -
Hálfastur kostnaður	1.000.000 -
Vextir og afborganir	1.750.000 -
<b>Mismunur: (til greiðslu launa)</b>	<b>146.000 kr.</b>

Þó svo afurðaverð væri hækkað um 30% væri launageta búsins einungis rúm ein milljón króna og rétt að geta þess að þarna er reiknað með mjög góðum rekstri búsins. Ljóst er því að sérhæft nautaeldi er (50 gripir til slátrunar á ári) er fjarri því að gefa viðunandi afkomu eitt sér.

Einnig er ljóst að þegar fjöldi eldisgripa er orðinn umtalsverður þá fara þættir eins og landgæði og rými að skipta verulegu máli. Þá krefst þessi fjöldi eldisgripa verulegrar vinnu við eftirlit, fóðuröflun og fóðrun og því hlýtur tímakaupið að vera undir öllum viðmiðunarmörkum.

### **Dæmi um verðmyndun**

Erfitt er að átta sig nákvæmlega á því hvernig verðmyndun á sér stað í nautakjötinu. Hér á eftir kemur einfaldað dæmi miðað við ákveðnar forsendur. Í fyrsta lagi er miðað við 280 kílóa fall og 68,7% nýtingu. Sú nýtingaprósenta er fengin úr niðurstöðum Möðruvallatilrauna um samanburð íslenskra nauta, angusblendinga og limousinblendinga. Þá er miðað við verð á UN IA til framleiðenda samkvæmt verðskrá SS í febrúar 2002. Tölur um sláturkostnaður á kíló og úrbeiningu á kíló eru fengnar frá SS, 45 kr/kg í slátrun og 81 kr/kíló í úrbeiningu og pökkun.. Þá var skoðað verð í verslun Nóatúns þann 8.febrúar um verð á einstökum hlutum í nautakjöti. Niðurstaðan varð þessi:

Bóndinn fær	86.000 kr eða 37%
Slátrun og vinnsla	35.100 kr eða 15%
Smásalan	80.000 kr eða 34%
Virðisaukaskattur	32.800 kr eða 14%

---

**Samtals: 233.900 krónur**

---

Þess skal getið að þetta er brúttóverð til bónda þar sem hann þarf m.a. að greiða flutning, móttökugjald og verðskerðingargjald af því verði sem miðað var við í dæminu hér á undan.

### **Staðan í dag og framtíðin**

Að mínu mati höfum við allgóðan grunn til að byggja ráðgjöf á varðandi nautaeldi hér á landi. Kemur þar til ekki síst samanburðartilraunir sem framkvæmdar voru á sínum tíma á Tilraunastöðinni á Möðruvöllum um einstök kyn.

Hins vegar búa bændur við algjörlega óviðunandi afkomu í þessari grein miðað við verð til bænda á móti framleiðslukostnaði. Ljóst er að of mikið framboð hefur verið undanfarin misseri sem veldur bændum miklum erfiðleikum og því brýn nauðsyn að leita leiða til að jafna framboð inn á markað. Til þess þurfum betri grunnupplýsingar en við höfum í dag. Þar gæti eintaklingsmerking nautgripa verið lykill að framþróun greinarinnar. Í fyrsta lagi fælist í því ákveðinn rekjanleiki vörunnar, öruggar grunnupplýsingar um ásetning og því auðveldara að stjórna framboði með skilvirkum aðgerðum. Auk þess gæfist þar með möguleiki á að fara taka tillit til kjötframleiðslueiginleika í ræktunarstarfi.

Samhliða þarf að huga að öðrum stuðningsþáttum, spyrja má hvort hluti núverandi beingreiðslna á mjólk eigi að vera á einn eða annan hátt tengdur kjötframleiðslu af nautgripum ?

Með jafnara framboði inn á markað og aukinni vöruvöndun á öllum stigum eru meiri möguleikar á að ná fram verðhækkunum til framleiðenda en þegar offramboð er með öllum þeim afleiðingum sem menn þekkja í þessari grein.